

Ed.

285. Frumvarp til laga

[7. mál]

um sameiningu sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. jan.)

Samhljóða þskj. 7 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið felur fyrst um sinn sérstökum erindreka að annast framkvæmd laga þessara undir umsjón ráðuneytisins og í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir.

Hlutverk erindrekans skal vera:

- a. að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land.
- b. að afla upplýsinga eftir föngum um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga.
- c. að vera samstarfsnefndum, sbr. 3. gr., til ráðuneytis og aðstoðar við störf þeirra.
- d. að annast fyrirgreiðslu við stjórnvöld um þau mál, sem varða sameininguna.
- e. að vera sveitarstjórnnum til aðstoðar við ákvörðun þeirra atvika, sem um ræðir í 5. gr.

Erindrekinn skal gera skýrslu um störf sín ársfjórðungslega, sem hann lætur ráðuneytinu og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga í té.

Þegar erindrekinn lætur af störfum, tekur félagsmálaráðuneytið við verkefnum hans.

7. gr. hljóðar svo:

Þegar félagsmálaráðuneytinu hafa borizt samþykktir sveitarstjórna um sameiningu, sbr. 5. gr., ásamt álitsgerðum og tillögum, sbr. 6. gr., getur það ákveðið, að sameining skuli fram fara.

Ráðuneytinu er heimilt að skipta hreppi, ef slík skipting telst nauðsynleg, til þess að sameining á hluta eða hlutum úr hreppnum við nágrannasveitarfélag eða nágrannasveitarfélög geti orðið með þeim hætti, að hinn nýi hreppur eða hreppar fái eðlileg hreppamörk frá staðháttalegu sjónarmiði. Slík hreppsskipting getur þó ekki farið fram, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd samþykki hana. Leita skal umsagnar sýslunefndar um skiptinguna, áður en hún verður framkvæmd.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru lögsagnarumdæmi. Samþykki Alþingis þarf til þess að sameina sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, sem eru sitt í hvoru kjördæmi.

Félagsmálaráðuneytið hlutast til um, að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum, sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og út gefnar nýjar samþykktir og reglugerðir, sem gilda í hinu nýja sveitarfélagi.